



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 18. september 2024
1510002 HH

Efni: Starfs- og fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins 2025

Á 129. fundi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, sem fram fór 13. september síðastliðinn, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2025. Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri kynnir.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt að senda fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar til aðildarsveitarfélaga SSH vegna fjárhagsáætlunargerðar þeirra fyrir árið 2025.

Afgreiðsla sveitarfélaga:

Meðfylgjandi eru tillögur að annars vegar fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar fyrir árið 2025 og hins vegar tillaga að starfsáætlun nefndarinnar fyrir tímabilið október 2024 til júní 2025. Sú síðarnefnda var samþykkt á 129. fundi svæðisskipulagsnefndar með fyrirvara um að heimsókn sem er á áætlun 8. nóvember 2024 yrði e.t.v. seinkað um 1-2 vikur.

Er farið fram á að þessar tillögur verði teknar til efnislegrar umræðu og samþykktar á vettvangi sveitarfélagsins.


Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu sveitarfélaganna samkvæmt framangreindu berist á netfangið ssh@ssh.is eigi síður en 15 október nk. Sé frekari upplýsinga eða kynningar óskað á framangreindu skulu beiðnir þess efnis jafnframt sendar á netfangið ssh@ssh.is

Fylgigögn:

Tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar 2025.

Tillaga að starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar október 2024 til júní 2025.

Virðingarfyllt,


Hildigunnur Hafsteinsdóttir
lögfræðingur SSH